

Ársskýrsla 2006



RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

Efnisyfirlit

Aðfararorð ríkisskattstjóra	2
Hlutverk og verkefni	5
Starfsemin á árinu 2006	6
Álagning opinberra gjalda	6
Rafræn þjónusta	8
Lagatúlkun og samræming	10
Stjórnsýsluákvæðanir og afgreiðsla skatterinda	11
Skatteftirlit	12
Óbeinir skattar og staðgreiðsla	14
Fyrirtækjaskrá - ársreikningaskrá	17
Fræðsla og upplýsingagjöf	19
Skjalastjórnun og afgreiðsla	20
Mannauður ríkisskattstjóra	21
Öryggismál	22
Rekstur tölvukerfa	22
Alþjóðlegt samstarf	23
Ársreikningur 2006	25

*Umsjón: Jens Þór Svansson
Ljósmyndir: Ingi Tómas Björnsson
Hönnun/lumbrot: Logi Halldórsson
Prentun: Prentsmiðjan Ísafold*

RSK 13.03 0707

Aðfararorð ríkisskattstjóra

Flestar stofnanir hins opinbera taka saman upplýsingar um rekstur sinn í því skyni að fagraðuneyti, önnur stjórnvöld og almenningur geti metið hvernig hlutaðeigandi málaflokkur er hagað. Samkvæmt árangursstjórnunarsamningi frá því í maí 2004 ber ríkisskattstjóra að senda fjármálaráðuneytinu upplýsingar um rekstur stofnunarinnar og er það hinn formlegi grundvöllur skýrslugerðar. Ársskýrsla hefur þó verið samin hjá ríkisskattstjóra löngu fyrir gerð árangursstjórnunarsamninga eða í nærfellt tvo áratugi. Árlega frá 1990 hefur ársskýrsla verið gefin út og send til kynningar á störfum ríkisskattstjóra. Slíkt er sjálfsagt í nútíma samfélagi þar sem miklu skiptir að upplýsingar um rekstur ríkisstofnana séu aðgengilegar.

Þær breytingar urðu á æðstu stjórn stofnunarinnar á árinu 2006, að Indriði H. Þorláksson sem gegnt hafði embætti ríkisskattstjóra frá árinu 1999 lét af störfum í lok september. Frá þeim tíma til ársloka gegndi Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri störfum ríkisskattstjóra en hinn 1. janúar 2007 tók undirritaður við embætti ríkisskattstjóra. Við slíkar breytingar er eðlilegt að endurmat á störfum og starfsháttum fari fram og þess mun sjá stað á árinu 2007.

Á árinu 2006 var reksturinn í jafnvægi. Umsjón álagningar opinberra gjalda gekk vel og rafræn skil skattframtala jukust frá því sem áður hafði verið. Þannig hefur aukið þjónustustig við skil á skattframtölum að öllum líkindum bætt skattskil og gert skattfrákvæmdina bæði jákvæðari og skilvirkari. Rafræn skil skattframtala hafa þó skapað mikið starfsálag á tiltölulega fáa starfsmenn ríkisskattstjóra og var árið 2006 þar engin undantekning frá fyrri árum. Þeim starfsmönnum embættisins sem þau störf hafa annast eru færðar sérstakar þakkir fyrir mikið og óeigingjarnt starf á álagstímum.

Stjórnsýsla ríkisskattstjóra verður sífellt viðameiri og ný verkefni hafa komið til stofnunarinnar á síðustu árum. Meiri kröfur eru nú gerðar til stjórnsýsluákvæðana en áður hefur verið og í auknum mæli er horft til grunnreglna stjórnsýslunnar um hraða málsmeðferð. Afgreiðsla innsendra erinda af ýmsu tagi þarf því að ganga greiðar fyrir sig svo ekki verði tafir við úrvinnslu mála. Á næstu misserum mun með endurmati starfa og breyttu stjórnskipulagi stefnt að framförum á þessu sviði.

Ársskýrsla 2006 er sett í verulega breytta umgjörð frá því sem áður hefur tíðkast, meðal annars er ritaður texti nú minni. Ljósmyndir í ársskýrslunni eru allar teknar af Inga Tómasi Björnssyni skattstjóra í Vestmannaeyjum. Flestar þeirra er jafnframt að finna á nýjum þjónustuvef skattstjóra, www.skattur.is.

Ríkisskattstjóri þakkar starfsmönnum embættisins, skattstjórum, starfsmönnum þeirra og öðrum sem koma að framkvæmd skattlagningar hérlendis, vel unnin störf á árinu 2006 og væntir áfram góðs samstarfs á komandi árum.

Skúli Eggert Þórðarson





Hlutverk og verkefni

Ríkisskattstjóri starfar samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald, öll með áorðnum breytingum, ásamt öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem varða starfsemi ríkisskattstjóra. Meginverkefni embættisins eru sem hér segir:

Lagatúlkun og samræming

Verkefni ríkisskattstjóra á þessum vettvangi eru helst :

- túlkun réttarheimilda á sviði skattaréttar og setning framkvæmda- og starfsreglna.
- hafa eftirlit með störfum skattstjóra og tryggja að samræmi sé í ákvörðunum þeirra.
- koma fram fyrir hönd ríkissjóðs og annarra gjaldkrefjenda gagnvart yfirsattanefnd og veita umsagnir í dómsmálum sem snúast um skattlagningu.
- gefa bindandi álit í skattamálum um túlkun skattalaga og svara fyrirspurnum um álitaefni í skattamálum.
- sjá um að gildandi reglur og réttarheimildir í skattarétti á hverjum tíma séu aðgengilegar öllum.
- annast beiðnir um endurupptöku skattamála og sjá um endurákvörðun skatta í málum sem til embættisins er beint.
- koma fram fyrir hönd íslenskra skattyfirvalda sem bært stjórnvald um framkvæmd tvísköttunarsamninga gagnvart öðrum samningsaðilum og annast samskipti við erlend stjórnvöld hvað skattastjórnsýslu varðar.

Skattframkvæmd og þjónusta

Ríkisskattstjóri hefur með höndum umsjón á flestum þáttum skattframkvæmdar. Hér fellur undir yfirstjórn á staðgreiðslu og tryggingagjaldi, undirbúningur og umsjón með vélvinnslu álagningar opinberra gjalda, þjónusta við gjaldendur, einstaklinga og fyrirtæki og þá sem atvinnu hafa af framtalsgerð. Ríkisskattstjóri annast samningu verklagsreglna og fyrir-mæla við skattframkvæmd og gerir tillögur um skattmat og reiknað endurgjald sjálfstætt starfandi aðila til fjármálaráðuneytis. Ríkisskattstjóri annast ýmis sameiginleg verkefni fyrir öll skattyfirvöld svo sem rekstur og viðhald tölvukerfa, viðhald vélbúnaðar, sameiginlegt skrifstofukerfi, prentun og dreifingu eyðublaða til gjaldenda og annarra. Ríkisskattstjóri leggur á úrvinnslugjald vegna ökutækja, spilliefna og umbúða, olíugjald, kílómetragjald, bifreiðagjald og áfengisgjald og hefur með höndum eftirlit með starfsemi áfengisframleiðenda.

Skatteftirlit

Ríkisskattstjóri annast yfirstjórn skatteftirlits. Hann hefur frumkvæði að þróun eftirlitsaðferða, greiningu á eftirlitsþörf og mótun eftirlitsstefnu skattyfirvalda á hverjum tíma í samstarfi við skattstjóra. Ríkisskattstjóri sér um öflun eftirlitsupplýsinga, úrvinnslu og miðlun til skattstjóra ásamt því að fylgjast með framkvæmd og árangri af skatteftirliti. Árlega er gerð skýrsla um framkvæmd skatteftirlits til fjármálaráðuneytis. Ríkisskattstjóri annast móttöku og miðlun eftirlitsupplýsinga milli landa og fer með skatteftirlit í einstökum málum að eigin vali eða að óskum skattstjóra. Þá er ríkisskattstjóra heimilt að endurákvæða skatta þegar eftirlitsaðgerðir hans gefa tilefni til þess.

Fyrirtækjaskrá, ársreikningaskrá o.fl.

Ríkisskattstjóri starfrækir fyrirtækjaskrá, þ. á m. hlutafélagaskrár annast skráningu á atvinnustarfsemi og ýmiss konar félagastarfsemi og veitir upplýsingar úr þeim skrá. Ríkisskattstjóri sér einnig um starfrækslu ársreikningaskrár, söfnun ársreikninga og miðlun þeirra til almennings svo og eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningskilastaða. Þá hefur ríkisskattstjóri með höndum eftirlit með því að iðgjöld séu greidd skv. lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og annast eftirlit með greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

Fræðsla og upplýsingamiðlun

Ríkisskattstjóri hefur með höndum kennslu um skatta og skattframkvæmd fyrir starfsmenn skattyfirvalda og almenna fræðslu og leiðbeiningar um skattamál fyrir almenning. Upplýsingar um starfsemi skattyfirvalda og álagningu skatta og gjalda eru hafðar aðgengilegar fyrir stjórnvöld og aðra sem eftir þeim leita.

Starfsemin á árinu 2006

Álagning opinberra gjalda

Mikilvægur þáttur í samræmingarstörfum ríkisskattstjóra er álagning opinberra gjalda, er skattstjórar hafa með höndum. Hlutverk ríkisskattstjóra við álagningu tekjuskatts, tryggingagjalds, fjármagnstekjuskatts og takmarkaðrar skattskyldu tekjuskatts er m.a. undirbúningur álagningar, ákvörðun skilafresta, gerð auglýsinga, áritun álagningarupplýsinga, gerð og dreifing eyðublaða og leiðbeininga. Við vélvinnslu álagningar annast ríkisskattstjóri vélræna yfirferð u.þ.b. 60% allra skattframtala sem ekki sæta frekari athugun. Þá er jafnframt með vélrænum hætti farið yfir þau 40% framtala sem eftir standa og gerðar ábendingar til skattstjóra um frekari athugun á framtölunum áður en þau teljast tæk til álagningar. Jafnframt annast ríkisskattstjóri ýmsa aðra þjónustu við skattstjóra og gjaldendur vegna álagningarvinnu og framtalsgerðar. Með vélrænni yfirferð allra skattframtala er með samræmdum hætti farið yfir öll innsend skattframtöl áður en þau sæta álagningu opinberra gjalda. Álagningarferlinu lýkur síðan með skilum á álagningarupplýsingum til Fjársýslu ríkisins og tilkynningu til gjaldenda um niðurstöður álagningar. Jafnframt er öllum gjaldendum gert kunnugt um greiðslustöðu við innheimtumann ríkissjóðs.

Framtalsfrestir

Einstaklingum utan atvinnurekstrar þar að standa skil á skattframtali eigi síðar en 21. mars, hvort sem skilað var á pappír eða með rafrænum hætti. Framteljendur gátu þó sótt um aukinn skilafrest og var framlengdur frestur á bilinu 27. til 31. mars, en slembival réð lengd skilafrests. Framtalsfrestur lög- aðila var til 31. maí. Endurskoðendur og bókarar og aðrir sem hafa atvinnu af framtalsgerð gátu síðan sótt um lengri framtalsfresti sem miðuðust við að framtölum væri skilað jafnt og þétt fram að lokafresti sem var til 15. maí vegna launamanna, 31. maí vegna einstaklinga í rekstri og 8. september vegna lögaðila. Aukinn skilafrestur miðaðist við rafræn skil á framtölum.

Útsending framtala og leiðbeininga

Útbúinn var sex síðna upplýsingabæklingur sem dreift var í öll hús. Þar var gerð grein fyrir helstu atriðum framtalsskila, svo sem framtalsfrestum, hvar hægt væri að nálgast leiðbeiningar, upplýsingar um veflykla o.fl. Leiðbeiningum ríkisskattstjóra var ekki dreift í öll hús með framtali eins og áður hafði tíðkast um margra ára skeið. Leiðbeiningarnar lágu þess í stað frammi á sölustöðum olíufélaga, hjá umboðsmönnum skattstjóra og nokkrum öðrum stöðum. Þá voru sérstakar leiðbeiningar með einstökum reitum í vefframtalinu bættar og loks voru leiðbeiningar ríkisskattstjóra aðgengilegar á vef embættisins.

Nýtt hlutabréfablað

Á árinu 2006 var unnið að hönnun og gerð hlutabréfablaðs þar sem haldið er utan um hlutabréfaeign framteljenda, þ.m.t. kaupverð þeirra. Söluhagnaður af hlutabréfum hefur aukist mikið á síðustu árum og um leið þörfin á því að halda skipulega utan um hlutabréfakaup til að tryggja rétta álagningu fjármagnstekjuskatts við sölu. Með þessum hætti var verið að einfalda framteljendum utanumhald um hlutabréfaeign, þar með talið að halda til haga kaupverði hlutabréfa. Á þessu nýja eyðublaði á að gera grein fyrir öllum breytingum á hlutabréfaeign á árinu, hvort sem þær eru vegna kaupa, sölu eða af öðrum orsökum. Hlutabréfaeign í árslok færir síðan af eyðublaðinu inn á framtalið. Hlutabréfaeign í árslok mun verða árituð inn á eyðublaðið á næsta ári. Eyðublaðið mun því einfalda framtalsskil vegna hlutabréfa á komandi árum.

Áritun á framtöl einstaklinga

Stöðugt er verið að auka við áritun upplýsinga á framtöl einstaklinga. Á framtal 2006 voru í fyrsta sinn áritaðar upplýsingar um arf og greiddan erfðafjárskatt. Þá voru áritaðar upplýsingar um lán frá 20 lífeyrissjóðum en áður höfðu aðeins verið áritaðar upplýsingar frá einum lífeyrissjóði á framtal 2005. Á framtal 2006 voru áritaðar tekjur að fjárhæð kr. 555 milljarðar. Það var um 93% af öllum framtöldum tekjum.

Tafla yfir álagningu 2005 og 2006

Opinber gjöld einstaklinga 2005 og 2006

(í milljónum króna)	2005	2006	Breyting
Almennur tekjuskattur	67.125	72.608	8,2%
Sérstakur tekjuskattur	1.411	1.023	-27,5%
Fjármagnstekjuskattur	7.583	12.198	60,8%
Tekjuskattar til ríkissjóðs alls	76.120	85.830	12,8%
Útsvar	69.048	77.707	12,5%
Tekjuskattar alls	145.167	163.536	12,7%
Eignarskattur*	2.834	-	-100,0%
Gjald í framkvj. aldr.	951	1.037	9,0%
Önnur gjöld**	353	378	7,0%
Tryggingagjald	1.364	1.627	19,3%
Samtals gjöld á einstaklinga	150.669	166.578	10,6%
-bætur sbr. neðangreint	10.210	11.051	8,2%
Samtals gjöld - bætur	140.459	155.527	10,7%

Bætur:

Barnabætur	5.035	5.993	19,0%
Vaxtabætur	5.174	5.058	-2,3%
Samtals bætur	10.210	11.051	8,2%

Skattaívilnanir:

Sjómannafsláttur, dagar, þús	1.698	1.555	-8,5%
Sjómannafsláttur	1.256	1.185	-5,6%

Fjöldi á grunnskrá	234.437	241.344	2,9%
--------------------	---------	---------	------

* Eignarskattur var síðast lagður á við álagningu 2005.

** Önnur gjöld eru slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, iðnaðarmálagjald og búnaðargjald.

Opinber gjöld lögaðila 2005 og 2006

(í milljónum króna)	2005	2006	Breyting
Tekjuskattur	23.770	34.671	45,9%
Fjármagnstekjuskattur*	298	6.235	1.995,1%
Eignarskattur**	1.533	-	-100,0%
Búnaðargjald	127	171	34,6%
Jöfnunargjald alþjónustu	31	31	0,0%
Iðnaðarmálagjald	277	310	11,9%
Tryggingagjald	27.598	32.486	17,7%
Samtals	53.633	73.904	37,8%
Fjöldi á grunnskrá	33.392	35.346	5,9%

* Greiddur af lögaðilum sem undanþegnin eru tekjuskatti, sbr. lög nr. 90/2003.

** Eignarskattur var síðast lagður á við álagningu 2005.

Fjármagnstekjuskattur

Um miðjan janúar ár hvert er öllum lögaðilum sendur gíróseðill og sömuleiðis einstaklingum í rekstri sem taldir eru skyldir til að halda eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af vöxtum og arði. Skil á þessum skýrslum hafa verið svofelld undanfarin tvö ár:

	2005	2006
Sendir gíróseðlar	23.633	25.367
- þar af skilað greiðsluskýrslum	2.931	3.309
- þar af skilað núllskýrslum	15.168	15.902
- þar af ekki skilað	5.534	6.156

Rafræn þjónusta

Rafræn skil virðisaukaskatts og staðgreiðslu

Á árinu hélt áfram þróun í átt til aukinna rafrænna skila og þar með aukinnar þjónustu og hagræðis fyrir gjaldendur. Leiðréttingar á skilum virðisaukaskatts var unnt að gera rafrænt. Jafnframt var unnið að breyttu verklagi fyrir árið 2007 þannig að öll ný félög (stofnuð innan ársins) sem eru skráð á virðisaukaskattsskrá og/eða launagreiðendaskrá fari sjálfkrafa í rafræn skil og fái veflykil, nema rafræn skil séu sérstaklega afþökkuð. Hið nýja verklag er til þess fallið að fjölga þeim sem skila rafrænt og draga þannig úr útsendingu pappírs.

Talsverð aukning varð á rafrænum skilum virðisaukaskatts á árinu en um 42% þeirra skýrslna sem bárust skattstjórum á árinu 2006 voru rafrænar.

Veruleg aukning varð í rafrænum skilum staðgreiðslu á árinu en 42% launagreiðenda eru nú með virkan veflykil og 75% skilagreina berast nú með rafrænum hætti.

Rafræn skil framtala

Kröfulýsing vegna rafrænna skila var útbúin í ársbyrjun og setur hún rammann utan um rafræn skil framtala. Frá og með árinu 2005 hafa samskipti við atvinnuframteljendur, sem nota framtalsforrit fremur en vefinn, verið á XML formi. Lögð er áhersla á að þjóna þessum hópi vel og að hann hafi aðgang með vefþjónustum að allri þjónustu sem býðst framteljendum á vefnum, svo sem áritun upplýsinga. Auk þess er þeim boðið upp á ýmsa sérsniðna þjónustu, t.d. vegna frestlista.

Vefframtal einstaklinga 2006 var opnað 2. mars. Meðal nýjunga var að framteljendur gátu flutt rafrænt inn á framtal upplýsingar sem þeir höfðu sent úr vefbönkum (heimabönkum). Um það bil 95% af framtölum lögaðila var skilað rafrænt og yfir 90% framtala einstaklinga.

Rafræn skil virðisaukaskatts

	2004	2005	2006	Hlutfall		
				2004	2005	2006
Virkir veflyklar*	5.266	8.710	12.424	16%	26%	37%
Virk VSK nr.	33.874	33.846	33.466			
Rafrænar skýrslur	20.992	34.264	52.485	16%	27%	42%
Skýrslur alls**	127.245	126.170	123.941			

* Fjöldi aðila á VSK-skrá með virka veflykla í árslok.

** Hér er um að ræða fjölda skilaðra skýrslna; áætlanir eru ekki innifaldar í þessari tölu.

Vefir

Notkun á vef ríkisskattstjóra hefur verið að aukast undanfarin ár í samræmi við aukinn fjölda rafrænna skila skattframtala.

Þúsundir heimsóknna

Ár	2003	2004	2005	2006
Meðaltal á mánuði	69	85	106	135
Flestar í mánuði	233	293	347	488
Fæstar í mánuði	38	53	70	84
Alls á árinu	823	1.015	1.271	1.615
Aukning		23%	25%	27%

Þjónustusíður

Upplýsingar og þjónusta á þjónustusíðunum aukast stöðugt og er stefnan að fella alla rafræna þjónustu skattyfirvalda undir þær. Auk ýmissar rafrænnar þjónustu skattyfirvalda er neðangreind þjónusta nú einnig í boði fyrir einstaklinga:

Þjónusta í boði:

- Umferðarstofa** - Upplýsingar um ökutæki
- LÍN** - Áramótastaða og aðgangur að svæði hjá LÍN
- RSK** - Staðgreiðsluyfirlit
- RSK** - Félög tengd framteljanda
- FJS** - Staða hjá innheimtumanni
- TR** - Yfirlit frá Tryggingastofnun

Gögn frá öðrum stofnunum eru ekki vistuð hjá ríkisskattstjóra, heldur eru þau sótt rafrænt til viðkomandi stofnunar. Þá er nú þegar boðið upp á tengingu við LÍN, þar sem LÍN tekur við viðkomandi notanda, sem ríkisskattstjóri er búinn að auðkenna, og veitir honum aðgang að þjónustu.



Rafræn skil staðgreiðslu

				Hlutfall		
	2004	2005	2006	2004	2005	2006
Virkir veflyklar*	5.963	9.344	13.149	19%	30%	42%
Launagreiðendur alls	30.664	30.770	31.207			
Rafrænar skilagreinar**	42.083	68.703	126.934	27%	42%	75%
Skilagreinar alls***	156.992	164.090	169.424			
Rafrænar sundurliðanir****	3.103.911	3.579.516	3.526.337	85%	89%	92%
Sundurliðanir alls	3.664.680	4.015.479	3.821.386			

* Fjöldi launagreiðenda með virka veflykla í lok hvers árs.

** Hér er um að ræða skýrslur þeirra sem skila bæði staðgreiðslu og tryggingagjaldi, þ.e. ekki skýrslur sem innihalda eingöngu tryggingagjald.

*** Hér er um að ræða fjölda skilaðra skilagreina; áætlanir eru ekki innifaldar í þessari tölu.

**** Hér eru taldar hreyfingar, þ.e. fjöldi launamanna samanlagt á öllum sundurliðunum.



Lagatúlkun og samræming

Lagafrumvörp, reglugerðir og matsreglur

Fjármálaráðuneytið hefur um árabíl notið sérfræðiaðstoðar ríkisskattstjóra við undirbúning og samningu lagafrumvarpa og reglugerða. Á árinu 2006 gerði ríkisskattstjóri tillögur til ráðherra, lögum samkvæmt, um skattmat vegna tekna manna, um skattmat vegna tekna í landbúnaði og um reiknað endurgjald manna. Þá gaf ríkisskattstjóri út mat sitt á bústofni til eignar og á frádrætti frá stofni búnaðargjalds. Þá voru settar reglur um endurskoðun á fyrirframgreiðslu þinggjalda og um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts.

Bindandi álit í skattamálum

Samkvæmt lögum nr. 91/1998, skal ríkisskattstjóri láta uppi bindandi álit í skattamálum eftir því sem lögin kveða á um, enda varði mál verulega hagsmuni þess er eftir álitinu leitar. Hjá ríkisskattstjóra starfar sérstakur starfshópur sem fjallar um þær álitsbeiðnir sem berast samkvæmt framangreindum lögum. Í upphafi árs var ein beiðni óafgreidd. Á árinu 2006 bárust níu álitsbeiðnir og samþykkti ríkisskattstjóri að gefa bindandi álit í fjórum þeirra. Ein beiðni sætti frávisun og voru fjórar beiðnir óafgreiddar í árslok.

Umsagnir í kærumálum fyrir yfirs kattanevnd

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 30/1992, um yfirs kattanevnd, ber ríkisskattstjóra að koma fram fyrir hönd gjaldkrefjenda gagnvart nefndinni og veita umsögn í málum sem rekin eru fyrir yfirs kattanevnd. Ríkisskattstjóri færir fram rökstuðning og aflar nauðsynlegra gagna frá skattstjórum. Í upphafi árs lágu fyrir óafgreidd 46 slík mál. Á árinu 2006 bárust frá yfirs katta-

nefnd 328 kærur og til nefndarinnar voru sendar 335 umsagnir. Í árslok hafði ríkisskattstjóri ekki lokið við gerð umsagnar í 39 málum.

Álitsgerðir og samræming

Ríkur þáttur í starfsemi ríkisskattstjóra er að túlka réttarreglur og miðla upplýsingum. Skattaðilar, þeir sem starfa í þeirra þágu, sem og opinberir aðilar, leita í ríkum mæli eftir upplýsingum um gildandi rétt og túlkunum ríkisskattstjóra á réttarreglunum. Túlkanir sem ekki hafa verið settar fram fyrr eru birtar á vefnum sem ákvarðandi bréf.

Á árinu 2006 bárust 135 fyrirspurnir og voru gefin út 8 ákvarðandi bréf og 40 almenn. Í árslok voru í vinnslu svör við 5 skriflegum fyrirspurnum.

Ríkisskattstjóri veitti á árinu 26 umsagnir til Alþingis, ráðuneyta, umboðsmanns Alþingis og ríkislögmanns um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur, reglugerðardrög, umfjöllunarefni umboðsmanns og kröfugerðir í dómsmálum.

Samkvæmt 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal ríkisskattstjóri gæta þess að samræmi sé í störfum skattstjóra. Þáttur í samræmingu á störfum skattstjóra eru fundir sem ríkisskattstjóri heldur reglulega. Haldnir eru 7-8 fundir með skattstjórum ár hvert. Þá eru haldnir fundir með starfsmönnum skattyfirvalda annars vegar þeim sem starfa á sviði virðisaukaskatts og hins vegar á sviði tekjuskatts. Fundina sitja lykilstarfsmenn skattstjóra og ríkisskattstjóra. Þá ritar ríkisskattstjóri skattstjórum landsins bréf sem hafa að geyma túlkun réttarreglna eftir því sem tilefni er til. Skattstjórum voru þannig kynntar laga- og reglugerðarbreytingar, dómar og úrskurðir yfirs kattanevndar, og voru rituð 13 formleg skattstjórabréf á árinu 2006.

Stjórnsýsluákvarðanir og afgangur skatterinda

Mál frá skattrannsóknarstjóra ríkisins

Samkvæmt lögum ber ríkisskattstjóra að hlutast til um endurákvarðanir í þeim málum sem niðurstöður rannsóknar skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til. Slíkar endurákvarðanir voru 81 á árinu 2006. Móttekin mál frá skattrannsóknarstjóra voru 175 og var tekin ákvörðun um að endurákvarða í 87 af þeim málum. Í árslok 2006 voru 79 mál óafgreidd en voru 59 í upphafi ársins.

Skatterindi

Samkvæmt lögum ber ríkisskattstjóra að breyta ákvörðun skattstjóra telji hann ástæðu til. Að jafnaði kemur ekki til slíkra breytinga nema skattaðili óski þess og færi fram gildar ástæður fyrir umbeðnum breytingum. Hvað varðar breytingar á virðisaukaskattsskilum fyrir uppgjörstímabil yfirstandandi eða nýliðins árs hefur ríkisskattstjóri falið skattstjórum að taka afstöðu til erinda skattaðila. Að sama skapi hefur ríkisskattstjóri framsent skattstjórum erindi gjaldenda þar sem þeir óska eftir því að innsent framtal verði lagt til grundvallar álagningu í stað áætlunar. Óafgreidd erindi í byrjun árs 2006 voru 515. Innsend erindi á árinu voru 3.361. Framsend erindi til skattstjóra voru 1.401 og 2.090 mál afgangur með öðrum hætti. Óafgreidd erindi í árslok voru 385.

Kaupréttaráætlanir

Ríkisskattstjóri staðfestir áætlanir launagreiðenda um kauprétt starfsmanna (einka)hlutafélaga á hlutum eða hlutabréfum, séu öll lagaskilyrði uppfyllt. Að fenginni staðfestingu ríkisskattstjóra fer skattaleg meðferð samkvæmt 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Í upphafi árs voru tvær áætlanir óafgreiddar og bárust tvær á árinu 2006. Þrjár kaupréttaráætlanir voru afgangur á árinu og var ein óafgreidd í árslok.

Stjórnsýslukætur

Í upphafi árs voru 5 stjórnsýslukætur óafgreiddar hjá embættinu og bárust 15 á árinu. Afgreiddar voru 15 stjórnsýslukætur og voru 5 afgangur í árslok.

Alþjóðamál

Á árinu 2006 voru kveðnir upp 89 úrskurðir um skattalega heimilisfesti. Í upphafi árs voru 13 mál óafgreidd en 11 í árslok. Þá varð mikil fjölgun í útgáfu ýmissa vottorða en á árinu 2006 voru gefin út 690 vottorð til nota gagnvart erlendum skattyfirvöldum um skattskyldu hér á landi, skattskyldar tekjur og eignir hér á landi, skattlagningu og barnabætur á Íslandi.

Skatteftirlit

Upplýsingaöflun

Aflað hefur verið upplýsinga samkvæmt 92. gr. tekjuskattslaganna, en slíkar upplýsingar, svokallaðar þriðja manns upplýsingar, nýtast jöfnum höndum við álagningu og skatteftirlit. Öllum þeim fyrirtækjum sem ekki skiluðu inn launamiðum, verktakamiðum og hlutafjármiðum voru send ítrekunarbréf þar að lútandi. Send voru tæplega 24.000 bréf, flest vegna vanskila á hlutafjármiðum.

Tekið var við ábendingum frá almennum borgurum um hugsanleg skattundanskot. Slíkar ábendingar voru skráðar, unnið úr þeim og þær eftir atvikum sendar til viðeigandi eftirlitseininga hjá skattstjórum og í vissum tilvikum beint til skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Með lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem tóku gildi 1. júlí 1998, var ríkisskattstjóra falið að hafa eftirlit með því að lífeyrisðgjald sé greitt vegna hvers einstaklings sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til. Á árinu 2006 var aflað upplýsinga frá lífeyrissjóðum um greidd iðgjöld einstaklinga vegna ársins 2005. Þær upplýsingar voru bornar saman við upplýsingar úr framtölum einstaklinga. Að auki voru lífeyrissjóðirnir öðru sinni látnir skila inn upplýsingum um séreignarsparnað. Ennfremur hefur verið unnið að talsverðum breytingum á móttöku og úrvinnslu upplýsinga frá lífeyrissjóðunum, sem koma væntanlega til framkvæmda á árinu 2007.

Gerð eftirlitsáætlana

Ríkisskattstjóri semur árlega sérstaka áætlun um eftirlitsaðgerðir embættisins og skattstjóra. Með eftirlitsáætlunum er lagður grunnur að samræmdri framkvæmd skatteftirlits á milli umdæma, umfang og áherslur í skatteftirliti ákveðnar og grundvöllur skapaður fyrir markvissa skráningu á eftirlitsaðgerðum. Eftirlitsáætlunum er jafnframt ætlað að skapa betri forsendur fyrir greiningu og úrvinnslu á niðurstöðum úr skatteftirliti.

Á árinu 2006 var gerð eftirlitsáætlun fyrir árið 2007. Tekur hún til verkefna eftirlitsdeilda skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra, skattstjóra Reykjanesumdæmis, skattstjórans í Reykjavík, skattstjóra Vesturlandsumdæmis og eftirlitsdeildar ríkisskattstjóra.

Áætlunin skiptist að stofni til í tvennt, þ.e. annars vegar í samræmdan hluta og hins vegar í eigin hluta skattstjóra. Samræmdur hluti inniheldur eftirlitsaðgerðir sem framkvæmdar eru með sama hætti í öllum skattumdæmum landsins. Eigin hluti skattstjóra inniheldur eftirlitsaðgerðir sem skattstjórar ákveða og ná eingöngu til viðkomandi umdæmis eða eftirlitseiningar.

Áhættugreining og samræmt skráningarkerfi

Við val á verkefnum og aðilum til skoðunar í skatteftirliti er eftir atvikum notast við áhættugreiningu, úrtak, samanburð upplýsinga og ábendingar. Áhættugreining felur í sér skoðun á fyrirliggjandi upplýsingum og mati á þeirri áhættu sem til staðar er hverju sinni. Metnar eru líkur á að aðilar skili röngum upplýsingum til skattfirvalda, vegna mistaka eða beinna skattundanskota. Á árinu 2006 voru haldnir nokkrir fundir með fulltrúum hugbúnaðarfyrirtækisins WM-DATA vegna fyrirhugaðra kaupa og uppsetningar á sérstöku eftirlits- og valkerfi til notkunar við skatteftirlit. Unnið var að frumhönnun kerfisins á árinu, greiningu á áhættu og áhættusviðum, samningu reglna og mati á áhættustigi. Á árinu var einnig komið á fót starfshópi til að hanna og smíða skráningarkerfi vegna samræmdrar skráningar skatteftirlits.

Sérstök eftirlitsmál

Ríkisskattstjóri sinnir skatteftirliti í sérstökum málum, bæði í málum sem skattstjórar vísa til embættisins sem og málum sem embættið tekur upp að eigin frumkvæði. Er þá sjónum einkum beint að skattskilum stærri fyrirtækja og gerð úttekt á tilteknum sviðum, eins og t.d. eignatengslum og fjármagnsflutningum á milli landa, starfsemi fyrirtækja sem dreifist á mörg skattumdæmi og viðskiptum við tengda aðila á lágskattasvæðum. Einnig eru gerðar athuganir á flóknum fjármögnunarleiðum, misnotkun tvísköttunarsamninga, skattasniðgöngu og ráðgjöf og þjónustu á þeim vettvangi.



Á árinu 2006 var megináhersla lögð á eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi voru gerðar eftirlitsathuganir á fyrirframskilgreindum úrtaksupplýsingum, sem unnar voru upp úr gagnagrunnum skattkerfisins. Þar var helst um að ræða atriði eins og afskrift viðskiptavildar, söluhagnað hlutabréfa, frestun söluhagnaðar og niðurfærslu hlutabréfa, nýtingu yfirfæranlegs taps við samruna, skráningu og starfsemi erlendra fyrirtækja á Íslandi, skuldsettar yfirtökur o.fl.

Í öðru lagi var unnin sérstök greiningarvinna á tilteknum þáttum skattskila. Til dæmis voru skoðuð hátt í 300 eignar-

haldsfyrirtæki þar sem áhersla var lögð á eignatengsl, arðgreiðslur, söluhagnað af erlendu eignarhaldi í slíkum félögum, samkvæmni við ákvæði tvísköttunarsamninga o.fl. Þá var fylgst með skilum á staðgreiðslu og virðisaukaskatti hjá nokkrum erlendum starfsmannaleigum sem höfðu tilkynnt um starfsemi hér á landi.

Í þriðja lagi var unnið að ýmsum tilfallandi verkefnum, þ.m.t. málum sem ríkisskattstjóri ákvað að kanna svo og málum sem bárust frá skattstjórum.



Óbeinir skattar og staðgreiðsla

Veigamikill þáttur í starfsemi ríkisskattstjóra er umsjón með framkvæmd óbeinna skatta, þ.á.m. virðisaukaskatts, álagningu skilagjalds, áfengisgjalds, bifreiðagjalds, olíugjalds, kílómetragjalds, úrvinnslugjalds (spilliefni og umbúðir) og úrvinnslugjalds á bifreiðar.

Virðisaukaskattur

Álagning virðisaukaskatts fer fram sex sinnum á ári auk tveggja álagninga vegna sex mánaða skila. Skömmu fyrir ára-

mótin 2005/2006 var formi virðisaukaskattsskýrslu breytt í hagræðingarskyni. Jafnframt var hafinn undirbúningur að því að senda út virðisaukaskattsskýrslur einu sinni á ári.

Í apríl var opnað fyrir nýja þjónustu á vefnum, svokallaða svarþjónustu í gegnum vefinn, þar sem gjaldendur geta sent inn fyrirspurnir varðandi rafræn skil virðisaukaskatts og staðgreiðslu, sem og veflykla. Þessi þjónusta var talsvert notuð á árinu.

Álagning virðisaukaskatts

	2006	2005	Breyting
Velta	m.kr.	m.kr.	%
Velta til 14% skatts	256.644	230.613	11,3%
Velta til 24,5% skatts	1.298.088	1.072.854	21,0%
Skattskyld velta, áætl.	24.148	25.310	-4,6%
Undanþegin velta	556.551	483.977	15,0%
Heildarvelta	2.135.431	1.812.754	17,8%

Virðisaukaskattur

Innskattur	309.218	249.165	24,1%
Útskattur (án áætlana)	353.962	295.135	19,9%
Útskattur áætlaður	5.877	6.145	-4,4%
Álag	987	928	6,4%
VSK af innlendum viðskiptum	51.608	53.043	-2,7%
VSK vegna innflutnings	95.215	74.671	27,5%
Álagður VSK alls	146.823	127.714	15,0%

Endurgreiðslur

Vegna íbúðarhúsnæðis	3.272	2.448	33,7%
Til opinberra aðila	2.863	2.387	19,9%
Til orkuveitna	317	301	5,3%
Til veitingastaða	1.357	1.077	26,0%
Til manna búsettra erl.	364	284	28,2%
Til erlendra fyrirtækja	151	94	60,6%
VSK að frádr. endurgr.	138.499	121.123	14,3%

Staðgreiðsla


Í mars var hafist handa við breytt verklag vegna beiðna um leiðréttingu á afdreginni staðgreiðslu. Hér er átt við þegar launagreiðandi hefur dregið staðgreiðsluna af launamanni en síðan ekki staðið skil á henni í ríkissjóð. Breytingin fól í sér að launagreiðendur eru nú einnig krafðir skýringa og beðnir um að gera nauðsynlegar leiðréttingar ellegar sæta þeir áætlun á skilaskyldri staðgreiðslu. Í maí hófust fyrstu aðgerðir vegna þessa en alls voru 478 mál skráð á árinu.

Seinni hluta ársins var unnið að því að taka upp nýtt verklag varðandi neikvæða staðgreiðslu, þ.e. að krefja launagreiðendur skýringa þegar nettóstaða staðgreiðslu launþega er orðin neikvæð.

Talsverð vinna átti sér stað í lok ársins við að bæta rafrænum skilum á staðgreiðslu inn á þjónustusiðuna og er nú unnt að skila staðgreiðslu rafrænt. Þá var einnig hafist handa við að greina hverjir eru að ofnýta persónuafslátt (þ.e. vangreiða staðgreiðslu).

Samkvæmt innsendum skilagreinum staðgreiðslu á árinu 2006 voru greidd laun kr. 683.619.388.621 og staðgreiðsla kr. 161.443.039.656. Í eftirfarandi töflu má sjá greidd laun og staðgreiðslu skipt á mánuði ársins 2006.

Í milljónum kr.



Kílómetragjald

Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra er ákvarðað eftir á fyrir hálf t. ári í senn. Kílómetragjald var lagt á um 5.300 ökutæki á árinu 2006. Áætlanir kílómetragjalds voru alls 1.669 talsins og í kærumeðferð voru með vélrænum hætti felldar niður 642 áætlanir og skattur í stað þeirra ákvarðaður á grundvelli síðbúins álestrar af öikumælum.

Kílómetragjald

	m.kr.
Álagning	1.075
Áætlanir	507
Samtals	1.582
Skattbreytingar	-225
Staða eftir skattbreytingar	1.357

Á árinu 2006 voru tekin fyrir 1.430 mál, þ.e. kærur, skatterindi, skýrslur eftirlitsmanna og leiðréttingar. Þar af voru 172 mál vegna eldra þungaskattkerfis. Þá voru skráðir inn 1.319 álestrar í álestrarskrá ríkisskattstjóra.

Bifreiðagjald

Bifreiðagjald var lagt á um 215.000 bifreiðar á árinu 2006. Gjaldið var lagt á tvisvar sinnum á árinu vegna hálfis árs í senn. Gjaldið er ákvarðað út frá þyngd hverrar bifreiðar. Álagning á árunum 2005-2006 var sem hér segir, en allar fjárhæðir eru í milljónum króna:

Bifreiðagjald	2006	2005
Heildarálagning bifreiðagjalds	4.216	3.760
Skattbreytingar	-107	-95
Staða eftir skattbreytingar	4.109	3.665

Á árinu 2006 voru tekin fyrir 2.296 mál, kærur, skatterindi og leiðréttingar. Þar af voru 1.632 mál vegna bótaþega Tryggingastofnunar ríkisins.

Úrvinnslugjald á ökutæki

Úrvinnslugjald á ökutæki var lagt á um 205.000 ökutæki á árinu 2006. Við álagningarvinnslu var reiknað gjald vegna allra bifreiða sem eru 25 ára eða yngri. Allar fjárhæðir eru tilgreindar í milljónum króna:

Úrvinnslugjald	2006	2005
Heildarálagning úrvinnslugjalds	150,6	140,7
Niðurfellt/frestað úrvinnslugjald	-1,4	-1,1
Staða eftir skattbreytingar	149,2	139,6

Örfá mál/kærur komu til kasta ríkisskattstjóra á árinu 2006 og þá helst þar sem farið var fram á niðurfellingu úrvinnslugjalds vegna þess að ökutæki hafi verið ógangfært.

Úrvinnslugjald vegna spilliefna

Lagt var úrvinnslugjald spilliefna á fjóra gjaldendur vegna ársins 2006 alls kr. 9,3 milljónir. Til samanburðar var álagning ársins 2005 kr. 11,9 milljónir.

Úrvinnslugjald vegna umbúða

Á árinu 2006 var fyrst byrjað að leggja á úrvinnslugjald vegna umbúða. Alls voru á úrvinnslugjaldsskrá sex gjaldendur vegna ársins 2006. Álagning vegna úrvinnslugjalds umbúða var alls kr. 39,6 milljónir.

Skilagjald

Álagning vegna skilagjalds og umsýsluþóknunar á drykkjarvörur í einnota umbúðum var alls kr. 715 milljónir á árinu 2006.

Á skilagjaldsskrá voru fimm gjaldendur. Á árinu 2005 var álagt skilagjald alls kr. 633 milljónir. Breytingar voru gerðar á fjárhæðum skilagjalds og umsýslugjalds á árinu 2006 miðað við 1. júlí 2006.

Áfengisgjald

Ríkisskattstjóri annast álagningu áfengisgjalds af innlendri framleiðslu og eftirlit með starfsemi innlendra framleiðenda sem voru fimm á árinu 2006. Skattstjórnarnir á Vesturlandi og Norðurlandi eystra önnuðust eftirlitið, hvor í sínu umdæmi, í umboði ríkisskattstjóra. Hér á eftir fer yfirlit yfir álagt áfengisgjald af innlendri framleiðslu og innflutningi á árinu 2006 og samanburður við árið 2005. Allar fjárhæðir eru tilgreindar í milljónum króna:

Áfengisgjald	2006	2005
Innlend framleiðsla	2.394	2.098
Innflutningur	5.150	5.015
Alls	7.544	7.113

Olúgjald

Ríkisskattstjóri sendi á árinu 74 mál til skattrannsóknarstjóra vegna brota á lögum um olúgjald, þ.e. þegar lituð olía var notuð á ökutæki án heimildar. Vegna ágalla í þágildandi lögum taldi skattrannsóknarstjóri ríkisins að ekki væri unnt að koma fram refsimeðferð. Í árslok 2006 var samþykkt breyting á lögum sem m.a. fól í sér að refsíakvæði laganna urðu gagnsærri og beiting þeirra skilvirkari. Þá varð og sú breyting að framkvæmd þeirra verður einkum í höndum ríkisskattstjóra.

Árið 2006 var fyrsta heila árið í olúgjaldi, en lög um olúgjald tóku gildi þann 1. júlí 2005. Álagning olúgjalds var sem hér segir:

Olúgjald	m.kr.
Álagning	5.772
Endurgreiðslur	-139
Alls	5.633

Sektir vegna brota	0
Gjaldskyld olía, lítrar	141
Gjaldfrjáls olía, lítrar	173
Alls	314

Á árinu 2006 voru tekin fyrir 327 mál, þar af 172 endurgreiðslur og 74 mál vegna litaðrar olíu.



Fyrirtækjaskrá - ársreikningaskrá

Fyrirtækjaskrá

Hjá fyrirtækjaskrá skal halda aðgreinanlegar skrár yfir hlutafélög og einkahlutafélög (hlutafélagaskrá), samvinnufélög (samvinnufélagaskrá) og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (sjálfseignarstofnanaskrá).

Hlutafélagaskrá er stærsta og mikilvægasta undirskráin í fyrirtækjaskrá og voru í lok árs 2006 samtals 25.238 einkahlutafélög og 919 hlutafélög á skrá. Veruleg aukning hefur orðið á skráningu nýrra einkahlutafélaga undanfarin ár. Á árinu 2006 voru skráð samtals 3.187 ný félög og hafa aldrei fyrr verið skráð svo mörg einkahlutafélög á einu ári. Af sjálfu leiðir að tilkynningum um allar breytingar sem verða á skráningarskyldum atriðum af þessu tagi fjölgar mjög eftir því sem skráin stækkar. Á árinu 2006 bárust 6.212 slíkar tilkynningar og er það aukning um tæplega 19% frá árinu á undan. Að auki bárust 372 tilkynningar um samruna og/eða skiptingu félaga, sem hefur mjög fæst í vöxt á seinni árum.

Auk hlutafélaga og einkahlutafélaga eru skráð í fyrirtækjaskrá ýmis konar félagasamtök og áhugamannafélög, húsfélög, sjálfseignarstofnanir o.fl. Þessar skráningar eru ekki eins ítarlegar og í hlutafélagaskrá. Einnig eru grunnupplýsingar skráðar í fyrirtækjaskrá um þau félög sem sýslumenn skrá og þurfa á kennitölu að halda. Samtals voru skráningar í aðrar skrár en hlutafélagaskrá samtals 957 á árinu 2006.

Tölfræði úr fyrirtækjaskrá

	2006	2005	2004
Nýskráð einkahlutafélög	3.187	2.941	2.509
Nýskráð hlutafélög	31	21	21
Almennar aukatilkynningar	6.212	5.233	4.895
Tilkynningar um samruna	261	217	183
Tilkynningar um skiptingu	111	62	32
Afskráð einkahlutafélög	1.389	668	892
Nýskráð félagasamtök	417	361	324
Nýskráð húsfélög	329	333	321
Vottorð úr hlutafélagaskrá	2.003	1.783	1.967
Vottorð á ensku úr hlutafélagaskrá	1.269	912	653
Ljósrit úr fyrirtækjaskrá	2.546	2.004	1.682
<hr/>			
Fjöldi einkahlutafélaga á skrá 31.12.2006	25.238		
<hr/>			
Fjöldi hlutafélaga á skrá 31.12.2006	919		

Ársreikningaskrá

Ársreikningaskrá fer með málefni sem varða söfnun ársreikninga skilaskyldra félaga og miðlun þeirra til almennings, samkvæmt lögum um ársreikninga. Hún hefur eftirlit með því að ársreikningar séu í samræmi við lög og reglugerðir, veitir félögum heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum og hefur eftirlit með beitingu félaga á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Grundvöllur skráningar á skilaskrá ársreikninga eru skráningar félaga í hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá og skrá sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur, þ.e. fyrirtækjaskrá. Enn fremur skráning sameignarfélaga og samlagsfélaga í firmaskrá sem eru í eigu annarra skilaskyldra félaga svo og þessara félaga ef þau fara yfir tiltekin stærðarmörk.

Ársreikningaskrá er falið með lögum að annast eftirlit með reikningsskilum félaga sem beita skulu alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Tveir starfmenn, löggiltir endurskoðendur, í einu og hálfu starfi unnu við þetta eftirlit.

Ársreikningaskrá afgangi 42 umsóknir á árinu 2006 jákvætt til félaga sem óskuðu eftir að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum. Á árinu 2005 voru einnig samþykktar 42 umsóknir.

Starfsemi ársreikningaskrár á árinu markaðist sem fyrr af stöðugri aukningu skilaskyldra félaga. Mikið átak hefur staðið yfir í samvinnu við hlutafélagaskrá og samvinnufélagaskrá að afskrá félög á grundvelli heimilda í viðeigandi lögum ef fram kemur að þau eru ekki starfandi, engar eignir eða skuldir eru í þessum félögum og engir ársreikningar hafa verið lagðir fram á síðustu árum. Áfram verður haldið á þessari braut.

Á árinu var samtals skilað 19.346 ársreikningum. Þar af var 14.381 ársreikningur fyrir árið 2005 en 4.737 fyrir árið 2004 og 228 vegna enn eldri ára. Til samanburðar var á árinu 2005 skilað 16.360 ársreikningum. Þar af var 12.834 vegna ársins 2004 en 3.526 vegna ársins 2003 og eldri ára. Aukning skila milli ára er 18%.

	2005	2006	Breyting
Skil á árinu	16.360	19.346	18%
Þ.a. vegna ársreikn. 2004/2005	12.834	14.381	12%
Þ.a. vegna eldri ársreikninga	3.526	4.965	41%

Skilaskyld félög vegna rekstrarársins 2005 voru 22.919. Þar af skilaði 14.381 félag ársreikningi 2005 á árinu 2006 eða 63%.

	Ársreikningur 2004	Ársreikningur 2005	Breyting
Skilaskyld félög	20.408	22.919	12%
Skil ársins	12.834	14.381	12%

Fræðsla og upplýsingagjöf

Starfsfræðslunámskeið

Árið 2006 voru haldin hjá ríkisskattstjóra 16 starfsfræðslunámskeið fyrir starfsfólk skattýfirvalda. Námskeiðin voru að vanda mjög vel sótt og voru þátttakendur 362 á árinu sem er nokkru fleira en árið 2005. Námskeiðin voru kynnt á innri vef ríkisskattstjóra auk þess sem send var út námsskrá og námsvísir. Námskeiðin voru með hefðbundnu sniði og efnisvalið fjölbreytt og náði til flestra þátta skattframkvæmdar og má nefna námskeið um ársreikninga og alþjóðlega reikningskilastaðla, vaxtabætur, skattlagningu fjármagnstekna, tölvu-kerfi RSK, þjónustu, skatteftirlit, virðisaukaskatt, skattskil einstaklinga og rekstraráðila, alþjóðlega skattlagningu og óeðlileg skipti í fjármálum.

	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda
Starfsfræðslunámskeið fyrir starfsfólk skattýfirvalda	16	362
Námskeið fyrir nýja í rekstri	6	130

Námskeið fyrir nýja í rekstri

Eins og á undanförunum árum hefur ríkisskattstjóri boðið upp á námskeið um almenn skattskil, tekjuskráningu og reikningaútgáfu og virðisaukaskatt fyrir þá sem eru að hefja atvinnurekstur. Námskeiðin eru haldin hjá ríkisskattstjóra. Þessum námskeiðum er skipt í þrjú hluta, en hver hluti stendur yfir í 4 kennslustundir. Eftirspurn hefur verið mikil og var fullbókað á flest námskeið á árinu, alls voru haldin 6 námskeið. Þá voru haldin námskeið fyrir nokkur fyrirtæki og stofnanir auk þess sem haldnir voru fræðslufundir fyrir faghópa.

Norrænn skattavefur - rsk.is/international

Til að auðvelda þeim sem flytja á milli landa að nálgast upplýsingar um skattamál á vef ríkisskattstjóra hefur verið sett upp sérstök síða um alþjóðlega skattlagningu, rsk.is/international. Stöðugt er unnið að því að þróa hana og á þessu ári voru tekin í notkun einfölduð skattframtöl á sjö tungumálum fyrir einstaklinga og auk þess voru bæklingar fyrir þá sem starfa tímabundið á Íslandi gefnir út á átta tungumálum. Auk þess hefur ríkisskattstjóri tekið þátt í starfi við þróun vefsíðu um skatta á Norðurlöndum, NordiskEtax.net.

Tíund

Af Tíund komu út þrjú tölublöð í 20. árgangi á árinu 2006, í apríl, ágúst og nóvember. Blaðið var með hefðbundnu sniði, greinar, viðtöl og almennur fróðleikur um skattamál. Tíund hefur fengið meiri kynningu og umfjöllun með hverju árinu sem líður og hafa fjölmiðlar nýtt sér efni blaðsins í auknum mæli.

Staðtölur skatta

Árið 2006 var vinnu haldið áfram við uppbyggingu og viðhald gagnasafna og staðtöluefjar embættisins. Þar er nú að finna yfirgripsmikið safn upplýsinga um skattstofna og álagningu einstaklinga og lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda síðastliðin tíu ár. Á árinu var grunnur lagður að því að gera skattgögn einstaklinga og lögaðila allt aftur til ársins 1982 aðgengileg.

Mikill og vaxandi áhugi hefur verið fyrir upplýsingum sem byggja á skráum í vörslu embættisins. Þrátt fyrir að sífellt sé reynt að mæta kröfum almennings um upplýsingar með útgáfu á vef embættisins hefur umfang sérstakrar vinnslu upplýsinga að beiðni utanaðkomandi aðila aukist nokkuð á undanförunum árum. Á síðasta ári bærust embættinu 25 slík erindi, sem flest komu frá Alþingi, fjármálaráðuneytinu, háskólum og öðrum stofnunum.

Upplýsingar úr fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá

Unnt er að fá upplýsingar úr fyrirtækjaskrá með ýmsu móti. Fjöldmörg fyrirtæki fá grunnupplýsingar, svo sem nöfn, kennitölur og heimilisföng, með rafrænum hætti til að tengja viðskiptamannabókhalda sínu. Þessar upplýsingar eru uppfærðar eftir þörfum viðskiptavina. Upplýsingar úr hlutafélagaskrá eru afhentar með milligöngu miðlara. Einnig er unnt að kaupa upplýsingar í formi vottorða eða ljósrita hjá fyrirtækjaskrá og eru þessar upplýsingar seldar samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðuneytið setur.

Ársreikningaskrá veitir almenningi aðgang að þeim gögnum sem skilað er til skrárinnar. Unnt er að fá ljósrit af ársreikningum gegn gjaldi en einnig er hægt að skoða á vef ríkisskattstjóra hvaða félög hafa skilað ársreikningum.



Skjalastjórnun og afgreiðsla

Á árinu 2006 voru stofnuð 7.658 mál hjá embætti ríkisskattstjóra sem skiptast þannig eftir málaflokkum:

Málaflokkur	2006	2005
Álagningamál og úrskurðir	3.168	2.842
Framsendingar	1.401	2.606
Álitsgerðir og umsagnir	2.345	2.129
Samræming og þróun skatteftirlits	16	10
Skatteftirlit RSK	101	146
Almennur rekstur	75	62
Erlend samskipti	112	68
Tæknimál	180	179
Laga- og reglugerðarvinna	7	8
Leiðbeininga- og eyðublaðavinna	8	14
Fræðslumál	7	2
Útgáfumál	3	3

Ársreikningar	85	105
Fyrirtækjaskrá	43	46
Önnur mál	107	141
Samtals :	7.658	8.361

Málum fækkaði því um 8,4% milli árána 2005 og 2006. Munar þar mestu um fækkun framsendinga erinda en þeim fækkaði um ríflega 46 % milli ára. Í málaflokknum Álagningamál og úrskurðir hefur fjölgun mála verið 11,5% eða 326 mál.

Bætt skráning mála hefur leitt til þess að málum í málaflokknum Önnur mál hefur fækkað árlega, en árið 2004 voru þau 252, árið 2005 voru þau 141 og árið 2006 voru þau komin niður í 107.

Heldur hefur dregið úr álagi vegna afgreiðslu veflykla en á móti hefur komið mjög mikil aukning þjónustu við erlenda ríkisborgara.

Mannauður ríkisskattstjóra

Gengið var frá stofnanasamningum við stéttarfélag allra starfsmanna á vordögum. Þann 23. maí var undirritaður samningur á milli SFR-stéttarfélags og ríkisskattstjóra, þann 1. júní undirrituðu fulltrúar BHM og ríkisskattstjóra stofnanasamning og loks fulltrúar Félags starfsmanna stjórnarráðsins og ríkisskattstjóra þann 22. júní. Allir samningarnir giltu frá 1. maí 2006.

Í októbermánuði var samið um trúnaðarlækniþjónustu fyrir embættið. Auk ráðgjafar við stjórnendur og annarra hefðbundinna starfa trúnaðarlækni felur samningurinn í sér endurgjaldslausan aðgang starfsmanna embættisins að lækni á fyrirfram tilgreindum tíma einu sinni í viku. Fyrstu kynni starfsmanna af þjónustunni voru þegar læknir kom og bólu-setti þá sem þess óskuðu fyrir influensu þann 24. október.

Í nóvember fengu allir starfsmenn senda könnun á starfsumhverfi ríkisstofnana sem fjármálaráðuneytið, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og ParX viðskiptaráðgjöf IBM sáu um framkvæmd á. Svörun meðal starfsmanna embættisins var 77,1% sem er vel ásættanlegt þar sem heildarsvarhlutfall könnunarinnar var 59,5%. Þann 22. desember 2006 leit fyrsta útgáfa starfsmannahandbókar RSK dagsins ljós. Í henni er leitast við að hafa aðgengilegar sem flestar af þeim upplýsingum sem starfsmenn þurfa á að halda vegna starfs síns, þó verklagsreglur og leiðbeiningar einstakra deilda og sviða séu ekki teknar þar inn. Starfsmannahandbókin er eingöngu birt rafrænt á innra neti embættisins og er það gert til að starfsmenn hafi ávallt aðgang að nýjustu útgáfu hennar.

Jafnréttisáætlun embættis ríkisskattstjóra var birt formlega í starfsmannahandbókinni í desember og þar með uppfyllt lagaákvæði 13. greinar laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Fjölbreytt reynsla starfsmanna er mikilvæg, hvort sem er innan skattkerfisins, annarra ríkisstofnana eða af störfum á sambærilegum sviðum héraendis eða erlendis. Óski starfsmenn eftir að flytjast til í starfi innan embættisins er reynt að verða við því ef þess er kostur. Einn starfsmaður embættisins tók á árinu þátt í verkefni um skiptidvöl norrænna ríkisstarfsmanna og starfaði í maí og júnímánuði hjá Skat í Kaupmannahöfn. Tveir verkefnisstjórar tóku við stöðum deildarstjóra á árinu og tveir starfsmenn fluttust að eigin ósk á milli sviða.

Formlegt frammistöðumat er gert þegar líður að lokum reynslutíma nýrra starfsmanna. Með því móti er reynslutíminn nýttur til að meta hversu vel verkefni og starfsumhverfi eiga við starfsmann auk þess sem hann hefur sjálfur náð að móta sér skoðun á mögulegu framhaldi starfs hjá embættinu. Aukin áhersla var á að starfsmannasamtöl færu fram á öllum sviðum

embættisins og miðað við að næsti stjórnandi ræddi við starfsmenn í stað þess að forstöðumenn ræddu við alla sína starfsmenn eins og hafði verið áður. Þeirri nýbreytni var vel tekið og er hún til þess fallin að auka þátt stjórnunar í störfum deildarstjóra.

Starfsmönnum fjölgaði um sex hjá embættinu á árinu 2006, en í árslok voru þeir 107 talsins. Sjö starfsmenn embættisins voru í hlutastörfum ýmist hluta ársins eða allt árið en ársverk voru tæplega 102 á árinu að meðtöldu afleysinga- og tímavinnufólki. Það er fjölgun um 5,4 ársverk frá árinu 2005.

Starfsmannavelta ársins var 18,8%. Árið 2005 var hún 19,6% en 14% árið 2004. Að teknu tilliti til þeirra sem hættu störfum vegna aldurs var starfsmannaveltan 17,8% eða talsvert hærri en árið á undan þegar hún var 14,4%.

	2006	2005	2004
Starfsmannavelta	18,8%	19,6%	14%
Leiðrétt starfsmannavelta*	17,8%	14,4%	7%
Fjöldi starfsmanna í árslok	107	101	97
Ársverk	102	96,6	97,4

* Starfsmannavelta að teknu tilliti til þeirra sem létu af störfum vegna aldurs eða veikinda.

Öryggismál

Unnið var við að semja öryggisáætlun embættisins í samræmi við öryggisstaðal ISO BS7799-2:2002, um stjórnkerfi upplýsingaöryggis. Síðla árs kom út ný útgáfa af staðlinum, ISO 27001:2005, í íslenskri þýðingu, sem kallaði á aðlögun og endurskipulagningu öryggisstefnunnar, vegna breytinga sem gerðar höfðu verið á staðlinum. Stöðugt var unnið að bættu öryggi á sviði hug- og vélbúnaðarmála hjá embættinu. Má þar

nefna að í ársbyrjun voru rafbakhjarlar í tölvuveri endurnýjaðir og síðla sumars var hafist handa við undirbúningsvinnu að bættri kælingu tölvuvers embættisins, aðgerðir sem áætlað er að bæti verulega rekstraröryggi tölvukerfa embættisins. Einnig voru framkvæmdar öryggisúttektir á vefkerfum embættisins sem leitt hafa til aðgerða sem auka enn frekar öryggi þeirra.

Rekstur tölvukerfa

Meginhluti upplýsingakerfa skattýfirvalda er hýstur hjá Skýrr ehf. Valin verkefni eru þó keyrð á miðtölvum ríkisskattstjóra og öll umsjón er í höndum ríkisskattstjóra. Á undanförunum árum hefur þessi hluti starfseminnar farið vaxandi í samræmi við breytta framtalsgerð með aukinni rafrænni þjónustu.

Ríkisskattstjóri annast umsjón með og rekur allan vélbúnað hjá öllum skattýfirvöldum nema skattstjóranum í Reykjavík og skattrannsóknarstjóra ríkisins. Í þessu felst að ríkisskattstjóri annast innkaup, fjármögnun og rekstur vélbúnaðar og notendahugbúnaðar hjá átta skattstjórum og yfirskattanefnd auk embættisins sjálfs. Fjöldi útstöðva sem skattýfirvöld nota er vel á fjórða hundrað. Jafnframt annast ríkisskattstjóri einnig umsjón og rekstur notendahugbúnaðar hjá öllum skattstjórum níu að tölu, yfirskattanefnd og skattrannsóknarstjóra ríkisins. Uppitími og rekstraröryggi hefur verið eins og best verður á kosið. Alltaf er starfsmaður á bakvakt en embættið notast einnig við þjarka (robot) við afritatökur.

Vélbúnaðarmál

Rúmlega 200 borðtölvum sem voru á leigusamningi var skipt út á árinu. Skiptin fóru fram í byrjun árs. HP Compaq dc7600 voru settar upp í stað eldri véla. Tveimur netþjónum var skipt út á árinu. Þessar vélar keyrðu Win2000 server hugbúnaðinn

og AD. Í staðinn komu vélar sem keyra Win2003 server og AD. Notendur hafa lítið fundið fyrir þessum breytingum, rekstrarlega og öryggislega hafa nýju þjónarnar mikið fram yfir eldri vélarnar. Nýju vélarnar eru tengdar við svokallað SAN sem er nettengd gagnageymsla.

Skjáir voru endurnýjaðir á árinu en þeir voru að mestu leyti frá árinu 2001. Bilanatíðni þeirra var lág en gæðin orðin léleg. Ríkisskattstjóri gerði samning við EJS um kaup á 19" þunnum skjáum.

Tengi- og netmál

Starfsmönnum ríkisskattstjóra með heimatengingu fjölgaði um 25% á árinu. Nafnaskráning á netinu (DNS) var í endurskoðun og er markmiðið að einfalda núverandi kerfi.

Hugbúnaðarmál

Gerður var nýr samningur við Nýherja til þriggja ára varðandi notendahugbúnað frá Microsoft. RSK ákvað að fara í áskrift (Open Subscription Licence) á MS- búnaði. Að áskriftartíma loknum lýkur jafnframt notkunarrétti og því aðeins hægt að endurnýja leyfið með nýjum áskriftarsamningi eða kaupum. Gengið var frá áskrift að orðabókum.

Alþjóðlegt samstarf

Ríkisskattstjóri fer með upplýsingamiðlun á milli landa í skattamálum fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Upplýsingamiðlunin er byggð á Norðurlandasamningnum um aðstoð í skattamálum frá árinu 1989, á Evrópusamningi um gagnkvæma stjórnsýslu-aðstoð í skattamálum frá 1996 og á tvísköttunarsamningum við einstök ríki. Á árinu 2006 voru sendar upplýsingar til 23 landa um tekjur þeirra einstaklinga sem bera fulla skattskyldu erlendis. Á sama hátt bárust upplýsingar frá 7 löndum um þá sem bera fulla skattskyldu hérlandis en takmarkaða erlendis. Þá var eitt mál afgreitt samkvæmt beiðni (3 eru enn í vinnslu)

og 22 mál vegna tilfallandi upplýsinga (16 eru enn í vinnslu). Sem fyrr fylgdist embætti ríkisskattstjóra með nýjungum og áherslubreytingum er áttu sér stað á sviði skatteftirlits í nágrennalöndunum. Voru í tengslum við það sóttir fundir bæði á vegum norrænna skattyfirvalda og á vegum IOTA, evrópusamtaka skattyfirvalda.

Ríkisskattstjóri stjórnaði og annaðist þróun samnorræns skattavefjar, NordiskEtax.net og var falið af hinum Norðurlöndunum að sjá um hýsingu þess vefjar.





Ársreikningur 2006

Áritun endurskoðenda

Til embættis Ríkisskattstjóra

Við höfum endurskoðað ársreikning Ríkisskattstjóra fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisskattstjóra á árinu 2006, efnahag 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 18. júní 2007

Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2006

Tekjur

	2006	2005
Ríkistekjur	100.692.570	91.723.966
Sértekjur	16.108.178	12.276.624
Tekjur samtals	<u>116.800.748</u>	<u>104.000.590</u>

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	531.123.640	475.603.419
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	81.746.703	100.239.417
Funda- og ferðakostnaður	15.745.412	12.077.397
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	9.617.146	4.320.211
Rekstur tækja og áhalda	26.041.892	32.592.729
Annar rekstrarkostnaður	9.908.045	9.425.699
Húsnæðiskostnaður	36.472.615	32.868.505
Bifreiðarekstur	471.915	750.261
Rekstur skattvinnslukerfa	<u>274.864.638</u>	<u>247.280.054</u>
	985.992.006	915.157.692
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	42.597.891	49.072.869
Eignakaup	<u>14.724.110</u>	<u>6.784.247</u>
Gjöld samtals	<u>1.043.314.007</u>	<u>971.014.808</u>

Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag: (926.513.259) (867.014.218)

Ríkisframlag 936.700.000 873.400.000

Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins 10.186.741 6.385.782

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eignir	2006	2005
Veltufjármunir:		
Ríkissjóður	58.503.823	70.093.852
Viðskiptakröfur	11.012.484	29.447.939
Handbært fé	50.986.775	39.644.967
Eignir samtals	<u>120.503.082</u>	<u>139.186.758</u>

Eigið fé og skuldir

EIGIÐ FÉ		
Höfuðstóll		
Höfuðstóll í ársbyrjun	63.447.325	57.061.543
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	10.186.741	6.385.782
Eigið fé samtals	<u>73.634.066</u>	<u>63.447.325</u>
SKULDIR		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	46.869.016	75.739.433
Skuldir samtals	<u>46.869.016</u>	<u>75.739.433</u>
Eigið fé og skuldir	<u>120.503.082</u>	<u>139.186.758</u>

Sjóðstreymi árið 2006

	2006	2005
Veltufé frá rekstri:		
Tekjuafgangur (halli)	10.186.741	6.385.782
Veltufé frá rekstri	<u>10.186.741</u>	<u>6.385.782</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun)	18.435.455	(26.517.147)
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun	(28.870.417)	39.049.186
	<u>(10.434.962)</u>	<u>12.532.039</u>
Handbært fé til/frá rekstri	<u>(248.221)</u>	<u>18.917.821</u>
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR		
Breyting á stöðu við ríkissjóð:		
Framlag ríkissjóðs	(936.700.000)	(873.400.000)
Greitt úr ríkissjóði	948.290.029	885.479.697
Fjármögnunarahreyfingar	<u>11.590.029</u>	<u>12.079.697</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	11.341.808	30.997.518
Handbært fé í ársbyrjun	39.644.967	8.647.449
Handbært fé í lok ársins	<u>50.986.775</u>	<u>39.644.967</u>

Sex ára yfirlit á verðlagi hvers árs

(í þúsundum króna)

Rekstur	2006	2005	2004	2003	2002	2001
Rekstrartekjur	116.801	104.001	74.738	34.255	3.956	6.964
Rekstrargjöld	985.992	915.158	862.545	795.085	737.721	468.629
Stofnkostnaður	57.322	55.857	65.321	54.758	65.556	8.491
Halli fyrir ríkisframlag	(926.513)	(867.014)	(853.128)	(815.588)	(799.321)	(470.156)
Ríkisframlag	936.700	873.400	858.000	856.635	789.370	482.840
Tekjuafgangur ársins	10.187	6.386	4.872	41.047	(9.951)	12.684

Efnahagur	2006	2005	2004	2003	2002	2001
Veltufjármunir	120.503	139.187	93.752	67.895	49.963	27.852
Eignir alls	120.503	139.187	93.752	67.895	49.963	27.852
Höfuðstóll	73.634	63.447	57.062	52.189	11.142	14.956
Skammtímaskuldir	46.869	75.739	36.690	15.706	38.821	12.896
Eigið fé og skuldir alls	120.503	139.186	93.752	67.895	49.963	27.852



RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

LAUGAVEGUR 166 · 150 REYKJAVÍK · Sími: 563 1100 · www.rsk.is